

# Menntunarsjóður Þórarins Kristinssonar.

## Umsókn um styrk:

Nafn:

Lýsing á verkefni:

Fylgigögn / staðfesting á greiðslu:

### REGLUGERÐ FYRIR MENNTUNARARSJÓÐ ÞÓRAINS KRISTJÁNSSONAR.

#### Tilgangur.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja starfsfólk Faxaflóahafna sf. til náms, koma til móts við áhugamál starfsmanna og styðja verkefni sem almennt koma starfsfólki til góða án þess að slíkt þurfi að vera hluti af endurmenntun viðkomandi starfsmanns. Þá er tilgangur sjóðsins einnig að efla starfsanda meðal starfsfólks fyrirtækisins.

#### Reglur um úthlutanir.

Stjórn MÞK er heimilt að veita framlög eða styrki til sameiginlegra verkefna starfsmanna Faxaflóahafna sf. en slík framlög mega þó ekki fara umfram 60% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins á hverjum tíma. Stjórn MÞK setur viðmiðunarreglur um fjárhæð styrkja til einstaklinga. Einstaklingar sem sækja um styrk úr sjóðnum skulu hafa unnið a.m.k. í tvö ár hjá Faxflóahöfnum sf. og skal umsókn vera skrifleg og þar koma fram lýsing á því verkefni sem óskað er eftir að verði styrkhæft. Styrkir eru við það miðaðir að um sé að ræða nám eða námsskeið sem starfsfólk sækir í orlofi eða utan daglegs vinnutíma. Taki stjórnin ákvörðun um að styrkja aðila skal styrkurinn greiddur eftirá við framlagningu reiknings eða vottorðs við lok náms eða námskeiðs. Styrkur skal að jafnaði ekki veittur sama aðila nema liðið hafi tvö ár frá síðustu styrkveitingu til hans. Stjórn MÞK skal þó ætíð láta þann sem ekki hefur hlotið styrk njóta forgangs gagnvart þeim sem áður hefur verið veittur styrkur, ef ráðstöfunarfé sjóðsins til úthlutunar er takmarkað.

Dagsetning:

Nafn: